

**Ed. 136. Frumvarp til laga [118. mál]**  
um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

**1. gr.**

Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

**2. gr.**

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með sömu réttindum og þeir höfðu áunnið sér í Lífeyrissjóði barnakennara hinn 30. september 1980.

Frá og með 1. október 1980 fer að öðru leyti um réttindi og skyldur þessara sjóðfélaga samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1921 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra með síðari breytingum og viðauka, lög nr. 66/1955 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra og lög nr. 85/1963 um Lífeyrissjóð barnakennara með síðari breytingum, svo og önnur lög er brjóta kunna í bága við ákvæði þessara laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Iðgjaldagreiðslur sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa innt af hendi til sjóðsins eftir 30. september 1980 skulu koma til frádráttar þeim iðgjaldagreiðslum sem þeim ber að inna af hendi skv. 2. gr. Á sama hátt skal lífeyrir sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa fengið greiddan úr sjóðnum eftir 30. september 1980 koma til frádráttar þeim greiðslum sem Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber að inna af hendi til þeirra skv. 2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara skal annast reikningsskil sjóðsins og afhendingu á eignum hans ásamt skrá um réttindi sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og skal verkinu lokið eigi síðar en 2 mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. ágúst 1980 var undirritaður aðalkjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samningur þessi var síðan borinn undir atkvæði félagsmanna í BSRB hinn 4. og 5. september s. l. og samþykktur. Í tengslum við aðalkjarasamning BSRB var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og BSRB um nokkur félagsleg réttindamál opinberra starfsmanna, m. a. voru þar ákvæði um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og samkomulag sama efnis var gert við Bandalag háskólamanna hinn 8. september s. l. Samkvæmt samkomulagi því sem ríkisstjórnin gerði við BSRB og BHM um félagsleg réttindamál skyldi gefa út bráðabirgðalög um nokkur atriði, þ. e. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um breytingu á lögum um kjarasamning opinberra starfsmanna og kjarasamninga BSRB.

Í samkomulaginu við BSRB er ákvæði þess efnis að samræma skuli lög Lífeyrissjóðs barnakennara og lög Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig, að þær breytingar á lífeyrisrétti starfsmanna ríkisins sem samið hafði verið um og komu til framkvæmda við útgáfu bráðabirgðalaga nr. 67/1980 næðu einnig til hjúkrunarkvenna og barnakennara í þjónustu ríkisins. Samræmingarstarf þetta skyldi unnið í samvinnu við fulltrúa viðkomandi stéttarféлага.

Sérstök nefnd sem skipuð er fulltrúum félags hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðuneytisins vinnur nú við endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Þá varð hins vegar að samkomulagi milli fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins að flutt yrði frumvarp til laga um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með slíkri sameiningu ynnist tvennt. Annars vegar aukið hagræði af því að fækka lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna og í öðru lagi að með því væri hægt að samræma lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Lagafrumvarp þetta er því flutt í samræmi við samkomulag fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra.

#### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

##### Um 1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

##### Um 2. gr.

Hér er tekið fram að um réttindi og skyldur sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara fari samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá og með 1. október 1980, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri. Ákvæði þetta er nauðsynlegt til að tryggja að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara njóti sama réttar og aðrir sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 67/1980 sem í flestum eignum tóku gildi 1. október 1980.

##### Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna og jafnframt tekið fram að við gildistöku þeirra falli úr gildi eldri lög um Lífeyrissjóð barnakennara, svo og önnur lög er brjóta kunna í bága við ákvæði þessara laga.

#### **Um ákvæði til bráðabirgða.**

Hér eru ákvæði um það að iðgjaldagreiðslur sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa innt af hendi til sjóðsins eftir 30. september 1980 skuli koma til frádráttar þeim iðgjaldagreiðslum sem þeim ber að inna af hendi skv. 2. gr. Á sama hátt skal lífeyrir sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa fengið greiddan úr sjóðnum eftir 30. september 1980 koma til frádráttar þeim greiðslum sem Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber að inna af hendi til þeirra skv. 2. gr.

Þá er ennfremur að finna hér ákvæði um að núverandi stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara annist reikningsskil sjóðsins og afhendingu á eignum hans ásamt skrá um réttindi sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaganna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að verkinu skuli lokið eigi síðar en tveim mánuðum eftir gildistöku laga þessara og að uppgjörið skuli miða við 31. desember 1980.